

Ár 2014, fimmtudaginn 6. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

- 1.1. **Innanríkisráðuneytinu / Jöfnunarsjóði frá 29. október 2014.**
Í bréfinu eru upplýsingar um framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2015. Framlagið til Hveragerðisbæjar verður 5.900.000.-
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Innanríkisráðuneytinu / Jöfnunarsjóði frá 29. október 2014.**
Í bréfinu eru upplýsingar um framlag vegna nýbúafræðslu fjárhagsárið 2015. Framlagið til Hveragerðisbæjar verður 3.510.000.-.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **EBÍ Brunabót frá 24. október 2014.**
Í bréfinu er kynnt ágóðahlutagreiðsla til aðildarsveitafélaga fyrir árið 2014. Hlutur Hveragerðisbæjar er kr. 593.500.-.
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Kvennaathvarfinu frá október 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir rekstrarstyrk til Kvennaathvarfsins fyrir árið 2015.
Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
- 1.5. **Klúbbnum Strók frá 17. október 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir styrk til klúbbsins Stróks fyrir árið 2015.
Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
- 1.6. **Magnúsi K. Hannessyni frá 23. október 2014.**
Í bréfinu óskar Magnús eftir umsögn Hveragerðisbæjar um að fasteign hans Reykjamörk 8 fái að bera nafnið Aldinborg.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að húsið að Reykjamörk 8 fái að bera nafnið Aldinborg. Eftir sem áður mun þó lóðin bera nafnið Reykjamörk 8.
- 1.7. **Þór Ólafi Hammer frá 20. október 2014.**
Í bréfinu óskar Þór Ólafur fyrir hönd Reykjamörk Camping ehf eftir

því að fá að reka fyrirhugað tjaldsvæði á Vorsabæjarvöllum með tjaldsvæðinu við Reykjamörk.

Bæjarráð þakkar bréfitara sýndan áhuga. En þar sem samningur bréfitara um rekstur tjaldsvæðisins við Reykjamörk rann út þann 1. nóvember sl. samþykkir bæjarráð að fela bæjarstjóra að auglýsa eftir áhugasömum rekstraraðilum að tjaldsvæðinu við Reykjamörk sem jafnframt gætu tekið þátt í framtíðaruppbyggingu tjaldsvæðis á Vorsabæjarvöllum.

1.8. Frosti og funa hótél ódagsett 2014.

Í bréfinu óskar Elfa D. Þórðardóttir fyrir hönd Frost og funa hótels eftir stækkun lóðar við hótelið.

Bæjarráð bendir á að umrætt svæði er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota en ekki skilgreint sem byggingalóð samkvæmt skipulagi bæjarins. Kallar möguleg breytt nýting svæðisins bæði á breytingu á aðalskipulagi og á gerð deiliskipulags fyrir reitinn. Bæjarráð telur ekki rétt að ráðast í þá vinnu nema á grundvelli ýtarlegri upplýsinga um byggingaráform og uppbyggingu og óskar eftir því að bréfitari gerir ýtarlega grein fyrir áformum sínum um uppbyggingu á reitnum sbr. afgreiðslu skipulags- og mannvirkjanefndar frá 1. október 2013.

1.9. Frosti og funa hótél frá 28. október 2014.

Í bréfinu óskar Elfa D. Þórðardóttir fyrir hönd Frost og funa hótels eftir að fá að breikka veginn að Hverhamri til að gera rútustæði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að gert verði rútustæði á þessum stað enda mun bréfitari sjá um allan kostnað við gerð þess. Bæjarráð leggur áherslu á að frágangur verði vandaður í alla staði og að framkvæmdin verði unnin í samráði við umhverfisfulltrúa bæjarins.

2. Starfsmanna málefni:

2.1. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 4. nóvember 2014.

Í minnisblaðinu er rætt um að skipaður verði starfshópur til að fara yfir reglur um fjarvistir vegna veikinda og koma með tillögum að heilsueflandi aðgerðum fyrir starfsmenn bæjarins.

Bæjarráð samþykkir að starfshópurinn verði stofnaður og í honum verði Gunnvör Kolbeinsdóttir, leikskólanum Óskalandi, Steinunn Jónsdóttir, heimilinu Birkimörk og Fanney Ásgeirsdóttir, Grunnskólanum í Hveragerði. Hópurinn skili tillögum til bæjarráðs fyrir 1. febrúar 2015.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá Grunnskólanum í Hveragerði frá 13. október 2014.

Grunnskólinn í Hveragerði óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun á laun og launatengd gjöld vegna forfalla kr. 15.000.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. 10.620.000.- fari af lið óráðstafað vegna veikinda og 4.880.000.- fari af lið til síðari ráðstöfunar vegna kjarasamninga.

3.2. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá velferðarviði Hveragerðisbæjar frá 23. október 2014.**

Velferðarviði Hveragerðisbæjar óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun á laun og launatengd gjöld vegna forfalla í heimaþjónustu kr. 634.000.- og vegna heimilisins Birkimörk kr. 727.000.- .

Bæjarráð samþykkir viðaukann. 1.361.000.- fari af lið til síðari ráðstöfunar vegna kjarasamninga.

3.3. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna kjarasamningsbundna hækkana á laun frá 4. nóvember 2014.**

Skrifstofustjóri Hveragerðisbæjar óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun á laun og launatengd gjöld vegna kjarasamningsbundna hækkana kr. 49.789.000.- sem skiptast sem hér segir.

Númer stofnunar	Heiti stofnunar	Hækkun á launum.
02-43	Heimilishjálp	666.000.-
02-52	Heimilið Birkimörk	6.523.000.-
04-11	Leikskólinn Undraland	1.000.000.-
04-12	Leikskólinn Óskaland	5.400.000.-
04-24	Grunnskóli Hveragerðis	21.000.000.-
04-31	Skólasel	1.500.000.-
09-52	Skipulags- og tæknideild	1.000.000.-
11-02	Umhverfisfulltrúi	1.000.000.-
13-62	Upplýsingamiðstöð	1.700.000.-
21-40	Bæjarskrifstofur	6.000.000.-
33-11	Áhaldahús	4.000.000.-
	Alls	49.789.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. Auknum útgjöldum verði mætt sem hér segir.

Númer liðar	Heiti liðar	Upphæð
21-01-9970-1	Óráðstafað vegna kjarasamninga	8.259.000.-
21-01-9990-1	Til síðari ráðstöfunar bæjarstjórn	2.500.000.-
21-02-9990-1	Til síðari ráðstöfunar bæjarráð	630.000.-
00-08-0110-1	Aukning á tekjujöfnunarframlagi	22.600.000.-
00-08-0120-1	Aukning á útgjaldaframlagi	500.000.-

00-08-0140-1	Aukning á framlagi v/ grunnskóla	13.000.000.-
00-08-0180-1	Aukning á framlagi v/ fasteignagjalda	2.300.000.-
Alls		49.789.000.-

3.4. **Verksamningur um eftirlit með hundum og köttum í Hveragerði.**

Lagður fram verksamningur við Kristján Jónsson um eftirlit með hundum og köttum í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir samninginn með þeirri athugasemd að sett verði inn ákvæði um að greiðslan taki breytingu 1. janúar ár hvert í samræmi við neysluverðsvísitölu.

3.5. **Minnisblað frá bæjarstjóra, könnun á viðhorfi bæjarbúa frá 4. nóvember 2014.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra um gerð könnunar á viðhorfi bæjarbúa sem gerð verði af Capacent.

Bæjarráð samþykkir að láta gera könnunina.

3.6. **Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar ársins 2015.**

Lögð fram drög af fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2015.

Bæjarráð samþykkir að leggja fjárhagsáætlunina fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu.

4. **Verkfundargerðir:**

4.1. **Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 4. nóvember 2014.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. Sorpstöð Suðurlands frá 6. október 2014.

5.2. Stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks frá 15. október 2014.

5.3. Haustfundar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks frá 22. október 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:55

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)